# Ársskýrsla

BTÍ

# 1982 - 1983



Lögð fram á þingi
Borðtennissambands Íslands 18. desember 1983

Borðtennisdeild BH

Skýrsla stjórnar BTÍ 1982-1983.

11. ársþing BTÍ var haldið í Félagsheimili Rafmagnsveitu Reykjavíkur 28. nóvember 1982. Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ var þingforseti, en Ásta Urbanic þingritari. Á þinginu fóru fram hefðbundin þingstörf, en lengstur tími fór í endurskoðun keppnislaga BTÍ. Í stjórn og nefndir hlutu eftirtalin kosningu:

Formaður: Gunnar Jóhannsson
Varaformaður: Birkir Þ. Gunnarsson
Gjaldkeri: Gunnar Jónasson
Ritari: Ásta Urbancic
Meðstjórnandi: Jón Kr. Jónsson
Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi. Í varastjórn voru kosnir: Halldór Haralz, Sigurður Guðmundsson og Oddur Kristjánsson.
Endurskoðendur: Sigurður Hall og Alexander Árnason.
Borðtennisdómstóll: Pétur Ingimundarson, Ragnar Ragnarsson, og Olaf Fåberg, varamenn: Gunnar Andrésson, Jóhann Örn Sigurjónsson og Halldór Harals.
Mótanefnd: Jón Kr. Jónsson, Gísli Hjartarson og Ágúst Hafsteinsson.

Stjórnin skipaði í eftirtalin nefndarstörf:
Landsliðsnefnd: Birkir Þ. Gunnarsson, Björgvin Jóhannesson og Gunnar Jóhannsson. Stefán Konráðsson tók sæti Gunnars í nefndinni í júní.
Fræðslunefnd: Jón Kr. Jónsson, Hjálmar Aðalsteinsson og Stefán Konráðsson.
Aganefnd: Sigurður Guðmundsson, Birkir Þ. Gunnarsson, og Sveinn Áki Lúðvíksson.
Blaðafulltrúi: Ásta Urbancic.
Að auki starfaði áfram nefnd til undirbúnings Norðurlandamótsins 1983. Í henni vour: Aðalsteinn Eiríksson, Ragnar Ragnarsson, Pétur Ingimundarson, Sveinn Áki Lúðvíksson og Gunnar Jóhannsson. Gunnar Jónasson og Halldór Haralz voru í fjárhagsnefnd mótsins.

Vali á Borðtennismanni ársins 1982 var vísað til Frjáls Framtaks og varð Ásta Urbancic fyrir valinu.
Að venju tók landsliðið þátt í Evrópukeppni landsliða, 3.deild sem fram fór á Guernsey 15. og 16. janúar. Liðið skipuðu þau Ragnhildur Sigurðardóttir, Hilmar Konráðsson og Stefán Konráðsson.
Þjálfari og fararstjóri var Björgvin Jóhannesson. Liðið lenti í 3.sæti í keppninni, sigraði Jersey 4-3 og er það í fyrsta sinn sem sigur vannst yfir Jersey. Leikirnir við Guernsey og Möltu töpuðust hins vegar, 6-1 og 3-4. Stefán náði næstbestu útkomu einstakra leikmanna í keppninni og sigraði m.a. Ian Powel frá Guernsey sem náði besta árangrinum. Var það eina tap Powels í keppninni. Hilmar og Ragnhildur urður í 4.sæti í móti sem haldið var eftir keppnina. Í þessari keppni keppti landsliðið í fyrsta sinn í JOOLA-keppnisfatnaði, en hagstæðir samningar náðust við JOOLA-umboðið um fatnað fyrir síðasta keppnistímabil.

Í tenglsum við þessa ferð var haldið borðtennismót fréttamanna í húsi O.Johnson & Kaaber. Samúel Örn Erlingsson á Tímanum varð sigurvegari á mótinu og mun varðveita bikar sem DV gaf í keppnina. Fyrsta bikarkeppni BTÍ var haldin í Fossvogsskóla 13.febrúar. 4 lið tóku þátt í keppninni sem lauk með sigri Arnarins yfir KR í úrslitaleik 4-3. Keppt var um ÍSÍ-bikarinn.

Fyrirtækja og stofnanakeppni BTÍ var haldin í húsnæði O.J.Kaaber 6.-11.mars. Sigurvegari varð lið frá Kjötborg, en í öðru sæti varð lið frá Tannlæknastofu Einars Magnússonar.
Í byrjun mars voru haldin fyrstu punktamótin í borðtennis í Ólafsvík og var þátttaka mjög góð bæði hjá heimamönnum og einnig fóru margir Reykvíkingar til Ólafsvíkur vegna mótanna.
Friðrik Berndsen Víking náði þeim árangri að vinna sig upp í meistaraflokk karla á árinu, aðeins fjórtán ára gamall.

Íslandsmótið í borðtennis var tvískipt að venju og fór fyrri hluti mótsins fram 12. og 13. mars, í flokkum unglinga og öldunga og síðari hlutinn 31.mars og 2.apríl. Tómas Guðjónsson varð fjórfaldur Íslandsmeistari. Hann sigraði í öllum flokkum sem hann mátti keppa í.

Verðlaunaafhending fyrir Íslandsmótið fór fram 23.apríl. Þar var tilkynnt hver hefði hlotið Prúðmennskuverðlaun Swaytling

Club International, sem veitt voru í annað sinn, en þau hlaut Hjálmtýr Hafsteinsson.

Íslenska karlalandsliðið tók þátt í Heimsmeistaramótinu í borðtennis sem fram fór í Tokyo 28.-29.maí. Í liðinu voru Gunnar Finnbjörnsson, Hilmar Konráðsson, Kristján Jńasson og Tómas Sölvason. Sigur vannst yfir Zimbabwe, en aðrir leikir á mótinu töpuðust.
Fararstjórar voru Gunnar Jóhannsson og Guðrún Ásgeirsdóttir og sátu þau þing Alþjóðaborðtennissambandsins svo og aukaþing Borðtennissambands Evrópu.
Unglingalandsliðin tóku þátt í Scandinavian Open Jurion Championships í Kaupmannahöfn. Keppendur voru Bergur Konráðsson, Friðrik Berndsen, Arna Sif Kærnested og Rannveig Harðardóttir. Fararstjóri var Björgvin Jóhannesson landsliðsþjálfari. Liðin töpuðu öllum sínum leikjum.

Unglingaliðin tóku einnig þátt í Evrópumeistaramóti unglinga í Malmö í Svíþjóð í lok júlí. Í liðunum voru: Arna Sig Kærnested, María Hrafnsdóttir, Bergur Konráðsson, Sigurbjörn Bragason og Trausti Kristjánsson.
Þjálfari var Björgvin Jóhannesson, en fararstjóri Gunnar Jóhannsson. Liðin töpuðu þar öllum sínum leikjum.

Vikuna á undan Evrópumótinu voru æfingabúðir á Guernsey sem voru skipulagðar af Evrópusambandinu, Wales og heimamönnum. Þátttakendur voru Arna Sif Kærnested og María Hrafnsdóttir og þjálfari Stefán Konráðsson. Tókust æfingabúðirnar mjög vel.
Í ágúst var valinn hópur til æfinga vegna Norðurlandamótsins. Æfingunum stjórnuðu Björgvin Jóhannesson og Stefán Konráðsson. Fyrir mótið var leikinn landsleikur við Grænlendinga, en þeir voru í fysrtu keppnisferð sinni í borðtennis.
Tómas Guðjónsson, Hjálmtýr Hafsteinsson og Kristján Jónasson spiluðu leikinn sem vannst 5-0. Þetta var jafnframt fyrsti landsleikur Grænlendinga í borðtennis. Frammistaða okkar keppenda á mótinu var eins og fyrirfram var búist við. Frændur okkar á hinum Norðurlöndunum eru mun sterkari en okkar fólk en það sást vel í öllum leikjum að undirbúningur var góður og keppendurnir lögðu sig alla fram. Þeir sem voru í íslenska liðinu á mótinu voru Tómas Guðjónsson, Hjálmtýr Hafsteinsson, Kristján Jónasson og Jóhannes Hauksson, Ásta Urbancic, Ragnhildur Sigurðardóttir og Arna Sif Kærnested.

Alls voru 13 karlar og 8 konur héðan sem kepptu á mótinu. Erlendur gestirnir á mótinu voru alls 39. Þing Norræna borðtennissambandsins var haldið samhliða mótinu. Þar voru teknar ýmsar mikilvægar ákvarðanir um framtíð NM. Sú sem hæst ber er ákvörðun um að hætta keppni í unglingaflokkum á NM, en þess í stað að reyna að skipuleggja æfingabúðir á undan UEM til skiptis á Norðurlöndunum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir tók á móti stjórn Sambandsins og mökum ásamt fulltrúum á þingi NBTU á Bessastöðum 5.nóvember. Þar var forseta færður minnispeningur um NM nr. 1 en 10 slíkir voru gerðir. Fulltrúar Norðurlandanna færðu allir forseta gjafir.
Menntamálaráðherra var einnig með móttöku fyrir þingfulltrúa. Sjónvarpið var með beina útsendingu frá NM og er það í fyrsta sinn sem bein sjónvarpssending er frá NM. Sendingin stóð í ca. 11/2 klst. Einnig var tekið upp efni frá úrslitaleikjum mótsins. Í lokahófi mótsins voru verðlaunahöfum mótsins gefnar gjafir. Fulltrúar allra þátttökulanda fengu númeraða minnispeninga og bók til minningar um mótið. Ragnar Ragnarsson og Esa Ellonen frá Finnlandi, forseti NBTU voru sæmdir silfurmerki BTÍ og Gunnar Jóhannsson var sæmdur gullmerki finnska borðtennissambandsins.

Þess má geta að verðlaunapeningarnir á mótinu voru af nýrri gerð sem framvegis verða notaðir hér. Allir þátttakendur á mótinu fengu minnispening sem er eins og verðlaunapeningurinn.

Að lokum þakkar stjórnin öllum þeim sem unnið hafa að borðtennis málum fyrir samstarfið, framkvæmdastjórn ÍSÍ og skrifstofu svo og héraðssamböndum fyrir samvinnuna.

## Lokastaða 1982-1983

### Meistaraflokkur karla:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tómas Guðjónsson | KR | 166 p. |
| 2. | Tómas Sölvason | KR | 137 p. |
| 3. | Hilmar Konráðsson | Víkingi | 107 p. |
| 4. | Gunnar Finnbjörnsson | Erninum | 55 p. |
| 5. | Kristján Jónasson | Víkingi | 38 p. |
| 6. | Bjarni Kristjánsson | UMFK-Erninum | 32 p. |
| 7. | Jóhannes Hauksson | KR | 21 p. |
| 8. | Kristinn Már Emilsson | KR | 17 p. |
| 9. | Vignir Kristmundsson | Erninum | 15 p. |
| 10.-11. | Guðmundur Maríusson | KR | 10 p. |
| | Stefán Konráðsson | Víkingi | 10 p. |
| 12.-13. | Hjálmtýr Hafsteinsson | KR | 6 p. |
| | Örn Franzson | KR | 6 p. |
| 14. | Davíð Pálsson | Erninum | 3 p. |
| 15. | Friðrik Berndsen | Víkingi | 1 p. |
| 16.-17. | Hjálmar Aðalsteinsson | KR | 0 p. |
| | Þorfinnur Guðmundsson | Víkingi | 0 p. |

Þeir Hjálmur og Þorfinnur flytjast niður í 1.flokk.

### 1. flokkur karla

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Emil Pálsson | KR | 46 p. |
| 2. | Jónas Kristjánsson | Erninum | 32 p. |
| 3. | Bergur Konráðsson | Víkingi | 28 p. |
| 4. | Einar Einarsson | Víkingi | 26 p. |
| 5. | Sigurbjörn Bragason | KR | 24 p. |
| 6. | Kristján Viðar Haraldsson | HSÞ | 13 p. |
| 7.-8. | Bjarni Bjarnson | Víkingi | 12 p. |
| | Gunnar Birkisson | Erninum | 12 p. |
| 9. | Alexander Árnason | Erninum | 8 p. |
| 10. | Sigurður Guðmundsson | Erninum | 4 p. |
| 11.-14. | Bjarni Friðriksson | UMFK | 3 p. |
| | Halldór Haralz | Erninum | 3 p. |
| | Kjartan Briem | KR | 3 p. |
| | Trausti Kristjánsson | Víkingi | 3 p. |
| 15. | Ragnar Ragnarsson | Erninum | 2 p. |
| 16. | Árni Gunnarsson | UMFK | 1 p. |
| | Gylfi Pálsson | UMFK | |
| | Ragnar Ragnarsson | Erninum | |
| | Hjálmur Aðalsteinsson | KR | |
| | Brynjólfur Þórisson | Víkingi | |
| | Jón Sigurðsson | Erninum | |
| | Ólafur H.Ólafsson | Erninum | |
| | Sighvatur Karlsson | Erninum | |
| | Þorfinnur Guðmundsson | Víkingi | |
| | Björgvin Jóhannesson | Erninum | |
| | Hjörtur Jóhannesson | UMFK | |
| | Hafliði Kristjánsson | UMFK | |
| | Sigurður Guðmundsson | Erninum | |
| | Kristján Magnússon | KR | |
| | Björgvin Björgvinsson | KR | |
| | Bjarki Harðarson | Víkingi | |
| | Óskar Bragason | KR | |
| | Birkir Þ.Gunnarsson | Erninum | |
| | Einar Oddur Ólafsson | Erninum | |
| | Gunnlaugur Hjartarson | Erninum | |

## 1.flokkur karla frh.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Sveinsson | UMFK |
| Sveinbjörn Arnarson | Erninum |
| Ágúst Hafsteinsson | KR |
| Halldór B.Jónsson | Fram |
| Haukur Stefánsson | Víkingi |
| Gunnar Hall | Erninum |
| Þorsteinn Bachmann | Víkingi |
| Hörður Pálmason | Víkingi |

## 2.flokkur karla:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Valdimar Hannesson | KR | 24 p. |
| 2. | Lárus Jónasson | Erninum | 20 p. |
| 3. | Snorri Briem | KR | 19 p. |
| 4. | Eyþór Ragnarsson | KR | 13 p. |
| 5.-6. | Jóhann Örn Sigurjónsson | Erninum | 9 p. |
| | Lárus Halldórsson | Aftureldingu | 9 p. |
| 7. | Kjartan Ingason | Víkingi | 6 p. |
| 8.-10. | Ragnar Árnason | KR | 5 p. |
| | Ólafur Guðmundsson | Ólafsvík | 5 p. |
| | Steinar Adólfsson | Ólafsvík | 5 p. |
| 11.-13. | Birgir Ragnarsson | KR | 4 p. |
| | Björn Scheving | Víkingi | 4 p. |
| | Jóhann Guðjónsson | Víkingi | 4 p. |
| 14.-16. | Hermann Bárðarson | HSÞ | 3 p. |
| | Kristján Eggertsson | HSÞ | 3 p. |
| | Stefán Garðarsson | KR | 3 p. |
| 17.-19. | Friðrik Vigfússon | Ólafsvík | 2 p. |
| | Höskuldur Erlingsson | Víkingi | 2 p. |
| | Jónas Jónasson | Ólafsvík | 2 p. |
| 20.-28. | Albert Arnarson | Ólafsvík | 1 p. |
| | Baldur Bragason | KR | 1 p. |
| | Bogi Pétursson | Ólafsvík | 1 p. |
| | Gísli Hjartarson | Víkingi | 1 p. |
| | Guðmundur Ólafsson | Ólafsvík | 1 p. |
| | Karl Jóhannsson | Ólafsvík | 1 p. |
| | Kristinn Traustason | Ólafsvík | 1 p. |
| | Vignir Þorgeirsson | HSÞ | 1 p. |
| | Vilhjálmur Birgisson | Ólafsvík | 1 p. |

## Meistaraflokkur kvenna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB | 42 p. |
| 2. | Ásta M.Urbancic | Erninum | 32 p. |
| 3. | Kristín Njálsdóttir | UMSB | 12 p. |
| 4. | Hafdís Ásgeirsdóttir | KR | 4 p. |
| 5. | Erna Sigurðardóttir | UMSB | 3 p. |
| 6.-7. | Elísabet Ólafsdóttir | Erninum | 1 p. |
| | Rannveig Harðardóttir | UMSB | 1 p. |
| 8. | Arna Sif Kærnested | Víkingi | o p. |

## 1. flokkur kvenna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigrún Bjarnadóttir | UMSB | 9 p. |
| 2. | Elín Eva Grímsdóttir | Erninum | 4 p. |

Aðrar í 1.flokki hlutu ekki punkta.

# Íslandsmeistara 1983

## Meistaraflokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tómas Guðjónsson | KR |
| 2. | Tómas Sölvason | KR |
| 3. | Hjálmtýr Hafsteinsson | KR |

## Meistaraflokkur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 2. | Ásta M.Urbancic | Erninum |
| 3. | Kristín Njálsdóttir | UMSB |

## 1.flokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Emil Pálsson | KR |
| 2. | Jónas Kristjánsson | Erninum |
| 3. | Alexander Árnason | Erninum |

## 1.flokkur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sigrún Bjarnadóttir | UMSB |
| 2. | Elín Eva Grímsdóttir | Erninum |
| 3. | María Jóhanna Hrafsdóttir | Víkingi |

## 2.flokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Lárus Halldórsson | Afturelding |
| 2. | Snorri Briem | KR |
| 3. | Lárus Jónasson | Erninum |

## Tvíliðaleikur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |
| 2. | Bjarni Kristjánsson-Tómas Sölvason | Erninum-KR |
| 3. | Gunnar Finnbjörnsson-Vignir Kristmundsson | Erninum |

## Tvíliðaleikur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kristín Njálsdóttir-Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 2. | Ásta M.Urbancic-Elísabet Ólafsdóttir | Erninum |
| 3. | Erna Sigurðardóttir-Rannveig Harðardóttir | UMSB |

## Tvenndarkeppni:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ásta M.Urbancic-Tómas Guðjónsson | Erninum-KR |
| 2. | Ragnhildur Sigurðardóttir-Hilmar Konráðsson | UMSB-Víkingur |
| 3. | Kristín Njálsdóttir-Bjarni Kristjánsson | UMSB-Erninum |

## Einliðaleikur öldunga:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Emil Pálsson | KR |
| 2. | Jóhann Örn Sigurjónsson | Erninum |
| 3. | Ragnar Ragnarsson | Erninum |

## Tvíliðaleikur öldunga:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jóhann Örn Sigurjónsson-Ragnar Ragnarsson | Erninum |
| 2. | Birkir Þór Gunnarsson-Ólafur H.Ólafsson | Erninum |
| 3. | Alexander Árnason-Halldór Haralz | Erninum |

Einliðaleikur drengja 15-17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kristinn Már Emilsson | KR |
| 2. | Sigurbjörn Bragason | KR |
| 3. | Bergur Konráðsson | Víkingur |

Einliðaleikur sveina 13-15 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Friðrik Berndsen | Víkingi |
| 2. | Hörður Pálmason | Vikingi |
| 3. | Lárus Jónasson | Víkingi |

Einliðaleikur pilta 13 ára og yngri:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kjartan Briem | KR |
| 2. | Valdimar Hannesson | KR |
| 3. | Ragnar Árnason | KR |

Einliðaleikur meyja og stúlkna 13-17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Rannveig Harðardóttir | UMSB |
| 2. | Arna Sif Kærnested | Víkingi |
| 3. | Sigríður Þorsteinsdóttir | UMSB |

Einliðaleikur telpna 13 ára og yngri:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fjóla María Lárusdóttir | UMSB |
| 2. | Heiða Erlingsdóttir | Víkingi |
| 3. | Sæunn Sigurðardóttir | UMSB |

Tvíliðaleikur drengja 15-17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Bergur Konráðsson-Bjarni Bjarnason | Víkingi |
| 2. | Birgir Sigurðsson-Kristinn Már Emilsson | KR |
| 3. | Höskuldur Erlingsson-Þorsteinn Bachmann | Víkingi |

Tvíliðaleikur sveina 15 ára og yngri:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Friðrik Berndsen-Trausti Kristjánsson | Víkingi |
| 2. | Kjartan Briem-Valdimar Hannesson | KR |
| 3. | Birgir Ragnarsson-Eyþór Ragnarsson | KR |

Tvenndarkeppni unglinga 17 ára og yngri:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fjóla María Lárusdóttir-Bjarni Bjarnason | UMSB-Víkingi |
| 2. | Rannveig Harðardóttir-Bergur Konráðsson | UMSB-Víkingi |
| 3. | Gróa Sigurðardóttir-Kristinn Már Emilsson | KR |

Flokkakeppni karla:

1. KR-A
2. Víkingur-A
3. Örninn-A

Flokkakeppni kvenna:

1. Örninn-A
2. UMSB-A
3. UMSB-B

Flokkakeppni unglinga:

1. Víkingur-A
2. KR-A
3. Örninn-A

## Skýrsla landsliðsþjálfara.

Í mai/júní s.l. hafði BTÍ samband við undirritaðan um að taka að sér þjálfun landsliðanna fyrir NM 83 ásamt Björgvini Jóhannessyni.

Mitt fyrsta verkefni var að fara til Guernsey í byrjun júlí á ráðstefnu landsliðsþjálfara úr Evrópu. Tók hver þjálfari með sér tvo þáttakendur eða tilraunadýr eins og seinna kom á daginn. Með mér í förinni voru tvær stúlkur sem valdar voru af stjórn BTÍ, þær Arna Sif Kærnested og María Hrafnsdóttir. Prógramm æfingabúðanna var mjög stíft , á daginn þjálfuðum við keppendur og á kvöldin var ráðstefna um hin ýmsu atriði þjálfunnar og það nýjasta sem fram væri komið í íþróttinni. Ferðin var mjög gagnleg fyrir okkur , sérstaklega fyrir mig, ég lærði mikið nýtt bæði í taktik og sálfræði.

## Norðurlandamótið 1983.

Eftir að hafa sjálfur kynnst hinu gamla íslenska undirbúningskerfi fyrir mót sem felst í því að byrja að æfa mánuði fyrir mót, ákvað ég að nú skyldi byrjað að æfa tímanlega fyrir mót og reynt að vera í alhliða formi. Samdi ég þriggja mánaða prógramm sem var samið eftir íþróttafræðilegum forsendum en slíkt prógramm hefur aldrei verið notað við þjálfun liðs frá BTÍ. Tíminn sem við gáfum okkur var þrír mánuðir, þeim skiptum við niður í fjögur tímabil (sjá blað 1). Álag og æfingar tímabilanna miðast við að flestir úr hópnum séu í toppformi í endann á síðasta tímabilinu.

Eins og sést á blaði 1 hófust æfingar í byrjun ágúst. Til æfinga völdum við eftirtaldan hóp.

Tómas Guðj. Tómas Sölva, Hjálmtýr Hafst, Kristján Jónasar, Bergur Konráðs, Bjarni Bjarnas, Kristinn Emils, Jóhannes Hakss, Valdimar Hanness, Kjartan Briem, Trausti Kristj, Friðrik Berndss.

Konur

Ragnhildur Sig, Ásta Urbancic, Arna Sif, María Hrafns, Sigr Þorst., Fjóla Lárusd, Kristín Njálsd,Rannveig Harðar,.

Áætlunin gerði ráð fyrir að þegar tímabili 11 (spennu og álagstímabili) væri lokið þá dyttu 6 karlar og 4 konur útúr hópnum og eftir stæði kjarni sem spilaði landleiki á Norðurlandamótinu.

Þetta varð og raunin með karlalandsliði en ekki gilti það sama með kvennalandsliðið þar sem þær voru dreifðar út og suður. Við ákváðum að velja þær seint um haustið vegna sérstöðu þeirra.

Eins og áður sagði hófust æfingar í byrjun ágúst og var æft úti allan mánuðinn og fram í miðjan september. Útiæfingar voru voru í Víkingsheimilinu við Hæðargarð. Hópurinn mætti vel á æfingarnar og var góður andi innan hópsins. Það sýndi sig að þolæfingarnar voru vissulega nauðsynlegar því að stór hluti hópsins var í lélegu úthaldi. Þegar við vorum búinn með undirbúningstímabil 1 og langt kominn með tímabil 11 fór ég með hópinn í þoltest í Læknarannsóknarstöðina sem dr. Hrafn Friðriksson hjartasérfræðingur rekur. Stöð þessi er best búna stöð landsins til þolmælinga og eru öll tæki tölvustýrð og allar niðurstöður mjög áræðanlegar.

Árangur liðsins var " meðalgóður" en gæti verið betri. Mig hryllir við hvernig útkoman hefði verið ef liðið hefði ekki verið búið að æfa af kappi. Sjá útkomu landsliðs á blaði 2.

Í endaðan ágúst fórum við að æfa grunnæfingar í borðtennis inni en héldum einnig áfram útiæfingum um sinn. Fengum við inni í Fellahelli þangað til Höllin opnaði. Fastar landsliðsæfingar voru síðan á laugardögum. Einnig sömdum við æfingaprógramm sem hver spilari fékk og átti að æfa eftir hjá sínu félagsliði.

Á mótinu sjálfu kom okkur fátt á óvart. Við eigum enn langt í land til að verða eins góðir og hinar Norðulandaþjóðirnar. Sumt fannst mér þó hafa batnað mjög mikið. Fyrst og fremst hafði móttaka uppgjafa stórbatnað yfir alla línuna, hreyfing við borðið var orðin meiri en þó ekki nóg. Í sambandi við þennan punkt langar mig að segja að kvenfólkið hefur bætt sig stórkostlega frá því sem áður var. Líkamlegt þrek var gott og mannskapurinn hafði gleymt að bera virðingu fyrir andstæðingnum(yfirleitt). Ef að ég ætti að taka vissar manneskjur út úr þá fannst mér leikur Jóhannesar Haukssonar,í hans eina landsleik, mjög athyglisverður. Þar er greinilega mikið efni á ferðinni. Einnig fannst mér Hjálmtýr eiga jafna og góða leiki allt mótið, en ég var ekki nógu ánægður með Tómas Guðjóns sem var nokkuð köflóttur í leik sínum. Hjá kvenfólkinu kom Ásta einna best út og þykir mér hún og Ragnhildur vera orðnar hnífjafnar í leik sínum.

## Hvað eigum við að gera til þess að bæta okkur.

Eftir að hafa rætt við þjálfara hinna þjóðanna eru þrjú atriði sem koma upp í hugann varðandi okkur, sem mættu verða betri. SNERPA-UPPGJAFIR-MÝKT.

### Snerpa

Snerpa okkar við borðið var ekki nógu góð, stundum var eins og fætur íslendinganna væru límdar við gólfið. Þetta er atriði sem undirritaður bíður spenntur eftir að fá að kljást við hjá félögum sínum. Einföld lausn er að æfa hraða-kraft æfingar og hinar nýju "Kínaæfingar" sem vinsælar eru orðnar í Evrópu og víðar.

### Uppgjafir

Þar vorum dálítið sér á báti. Við höfum nefnilega oft miklu meiri snúning í uppgjöfum okkar heldur en hinar þjóðirnar. Vandamálið er að við gefum of fast upp þannig að uppgjafirnar verða of langar og við gefum á vitlausa staði sem auðvelar andstæðingunum að sækja á öðrum bolta. Hinar N-þjóðirnar serva lausar, nota úlnliðinn betur, nota kannski ekki mikinn snúning en gefa upp meira taktiskt, á veika bletti og stutt.

### Mýkt.

Það sýndi sig nú sem áður að við erum mikið líkamlega sterkari heldur en hinir og verðum of stífir. Við notum of mikið af vöðvum og notum þá vitlaust. Til dæmis þegar hinar N-þjóðirnar slógu forhönd eða bakhönd þá notuðu þeir nær einvörðungu handlegg úlnlið , öxl og tóku smá bolvindu andstætt okkur sem undum rækilega upp á bolinn með öllu tilheyrandi. Til eru sem betur fer þó undantekningar.

## Framtíð- Framtíðaruppbygging

Þegar við tilkynntum hópinn sem var valinn fyrir NM 83 þá olli það mikilli gremju og reiði margra mætra manna að við skyldum velja unga tólf og þrettán ára stráka í landsliðið. Menn fóru að telja punkta og töldu upp eigin afrek og skildu hvorki upp né niður í þjálfurunum.

Astæðan fyrir þessu er sú að við verðum að fara byggja upp lið sem getur staðið sig í framtíðinni. Það gerum við með því að þjálfa upp unga menn sem hafa ódrepandi áhuga og gefa þeim tækifæri að spila landsleiki og að spila á opnum mótum erlendis. Já ég veit að þeir verða bustaðir en gleymum því ekki að svona byrjuðum við sem höfum staðið svo lengi í þessu sjálfir. Við getum ekki alltaf stólað á Tomma ,Týra og Stebba, þeir eru nefnilega farnir að eldast. Hvað skeður ef að Tómas G. hættir og hvað skeður ef að Hjálmtýr fer til USA til náms næsta ár? Það verður að gefa þjálfara landsliðsins frið til að byggja upp framtíðarlið , það verður ekki gert á einum vetri,fyrst þarf að finna efniviðinn. Nú mega menn ekki skilja mig sem svo að ég ætli bara að taka einhverja unga leikmenn , blanda þeim saman við þá eldri, og sleppa þeim sem eru þar á milli, nei slík uppbygging tekur tíma og verður vafalaust erfið.

Með kveðjum,

Stefán Konráðsson

Undirbúningur landsliðs fyrir NM'83

Tafla yfir tímabil

| Undirbúningstímabil I, 1/8-21/8 | Undirbúningstímabil II, spennu og álagstímabil 22/8-22/9 | Keppnistímabil I 23/9-15/10 | Keppnistímabil II 16/10-10/11 |
|---|---|---|---|
| 50% kraftur<br>50% þol<br>Aðallega æft hlaup og snerpuæfingar | 50% kraftur og þol<br>50% grunnæfingar í borðtennis fh-fh,bh-bh,osfrv. | 25% tækniæfingar<br>50% grunnæfingar<br>25% snerpa við borð | 75% tækniog keppnisæfingar<br>25% snerpa |

SSK/BTÍ

Æfingar hjá landsliði BTÍ, undirbúningur undir NM 1983.



Borðtennislandslið- Þoltest-3.september 1983 BLAÐ 2

| no. | nafn | Fd | Min | Aldur | Þyngd | Hæð | Púls | wött pr/kg x þyngd | þolgild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kristján Jónasson | 28/1162 | 12 | 21 | 67,5 | 1,67 | 153 | o,73 | 4o |
| | Tómas Sölvason | 22/4 62 | 12 | 21 | 66 | 1,75 | 162 | 2,o7 | 89 |
| | Tómas Guðjónsson | 19/8 59 | 12 | 24 | 56 | 1,6o | 155 | 2,85 | 13o |
| | Hjálmtýr Hafstss | 13/9 59 | 12 | 24 | 69 | 1,74 | 153 | 2,3o | 112 |
| | Kristinn Emilss | 9/11 65 | 16 | 18 | 71 | 1.75 | 163 | 2,77 | 118 |
| | Jóhannes Haukss | 11/11 63 | 12 | 2o | 57 | 1.71 | i6o | 3,22 | 137 |
| | Valdimar Hanness | 28/6 7o | 12 | 13 | 4o | 162 | 167 | 3,1o | 128 |
| | Kjartan Briem | 19/11 7o | 12 | 13 | 46 | 165 | 166 | 2,21 | 93 |
| | Bergur Konráðss | 9/12 66 | 12 | 17 | 64 | 17o | 158 | 2,4o | 113 |
| | Trausti Kristjánss | 29/7 67 | 12 | 16 | 6o | 172 | 162 | 2,43 | 1o5 |
| | Bjarni Bjarnass | 27/1 67 | 18 | 16 | 58 | 17o | 159 | 1,5o | 56 |
| | Stefán Konráðss | 2o/12 58 | 12 | 24 | 85 | 187,5 | 15o | 1,92 | 1o1 |
| | Arna Kærnested | 12/4 67 | 12 | 16 | 55 | 17o | 16o | 1,87 | 99 |
| | Sigr, Þorstd | 24/7 67 | 15 | 16 | 58 | 17o | i,56 | 1,o5 | 52 |
| | Fjóla Lárusd | 17/7 71 | 16 | 12 | 56 | 169 | 1,66 | 1,9i | 88 |

Mælikvarði: Framúrskarandi þolgildi yfir 150

| | |
|---|---|
| Mjög gott | 125-15o |
| Gott | 1oo-124 |
| Þokkalegt | 75-99 |
| Lélegt | 5o-74 |
| Mjög lélegt | undir 5o |

no. 1 og 11 " illa fyrir kallaðir" þurfa að koma 9sept

Ath. Ragnhildur Sig gat ekki mætt vegna barnapössunar
Ásta erlendis
Rannveig í heyskap

no.14 og 15 nýbyrjaðar að hlaupa

SSK/BTÍ

# MEISTARATAL

## frá upphafi keppni í hverjum flokki.

### Meistaraflokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Björn Finnbjörnsson | Ö |
| 1972 | Björn Finnbjörnsson | Ö |
| 1973 | Hjálmar Aðalsteinsson | KR |
| 1974 | Ólafur H. Ólafsson | Ö |
| 1975 | Ólafur H. Ólafsson | Ö |
| 1976 | Gunnar Þór Finnbjörnsson | Ö |
| 1977 | Gunnar Þór Finnbjörnsson | Ö |
| 1978 | Tómas Guðjónsson | KR |
| 1979 | Tómas Guðjónsson | KR |
| 1980 | Tómas Guðjónsson | KR |
| 1981 | Tómas Guðjónsson | KR |
| 1982 | Stefán Konráðsson | Vík. |
| 1983 | Tómas Guðjónsson | KR |

### I. flokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1973 | Magnús Jónsson | Á |
| 1974 | Björgvin Jóhannesson | G |
| 1975 | ekki keppt í flokknum | |
| 1976 | Árni Gunnarsson | UMFK |
| 1977 | Ómar Ingvarsson | UMFK |
| 1978 | Brynjólfur Þórisson | G |
| 1979 | Sighvatur Karlsson | G |
| 1980 | Þorfinnur Guðmundsson | Vík. |
| 1981 | Kristján Jónasson | Vík. |
| 1982 | Örn Franzson | KR |
| 1983 | Emil Pálsson | KR |

### II. flokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1979 | Bjarki Harðarson | Vík. |
| 1980 | Davíð Pálsson | Ö |
| 1981 | Gunnar Birkisson | Ö |
| 1982 | Sigurbjörn Bragason | KR |
| 1983 | Lárus Halldórsson | Afturelding |

### Meistaraflokkur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Margrét Rader | KR |
| 1972 | Margrét Rader | KR |
| 1973 | Guðrún Einarsdóttir | G |
| 1974 | Sólveig Sveina Sveinbjörnsd. | G |
| 1975 | Ásta Urbancic | Ö |
| 1976 | Ásta Urbancic | Ö |
| 1977 | Ásta Urbancic | Ö |
| 1978 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1979 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1980 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1981 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1982 | Ásta Urbancic | Ö |
| 1983 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |

### Öldungar:

| | | |
|---|---|---|
| 1974 | Jósef Gunnarsson | KR |
| 1975 | Jósef Gunnarsson | KR |
| 1976 | Þórður Þorvarðarson | Ö |
| 1977 | Emil Pálsson | KR |
| 1978 | Þórður Þorvarðarson | Ö |
| 1979 | Jósef Gunnarsson | KR |
| 1980 | Jóhann Örn Sigurjónsson | Ö |
| 1981 | Alexander Árnason | Ö |

Einliðaleikur drengja 15-17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Sigurður Gylfason | ÍA |
| 1972 | Hjálmar Aðalsteinsson | KR |
| 1973 | Gunnar Finnbjörnsson | Ö |
| 1974 | Jón Sigurðsson | UMFK |
| 1975 | Gunnar Finnbjörnsson | Ö |
| 1976 | Stefán Konráðsson | G |
| 1977 | Hjálmtýr Hafsteinsson | KR |
| 1978 | Ómar Ingvarsson | UMFK |
| 1979 | Tómas Sölvason | KR |
| 1980 | Bjarni Kristjánsson | UMFK |
| 1981 | Einar Einarsson | Vík. |
| 1982 | Einar Einarsson | Vík. |
| 1983 | Kristinn Már Emilsson | KR |

Einliðaleikur sveina 13-15 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Einar Oddur Ólafsson | Ö |
| 1975 | Tómas Guðjónsson | KR |
| 1976 | Ómar Ingvarsson | UMFK |
| 1977 | Gylfi Pálsson | UMFK |
| 1978 | Bjarni Kristjánsson | UMFK |
| 1979 | Einar Einarsson | Vík. |
| 1980 | Björgvin Björgvinsson | KR |
| 1981 | Kristinn Már Emilsson | KR |
| 1982 | Friðrik Berndsen | Vík. |
| 1983 | Friðrik Berndsen | Víkingur |

Einliðaleikur pilta yngri en 13 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1974 | Guðmundur Jóhannsson | G |
| 1975 | Bergsveinn Ólafsson | Ö |
| 1976 | Bjarni Kristjánsson | UMFK |
| 1977 | Ólafur Birgisson | UMFK |
| 1978 | Einar Einarsson | Vík. |
| 1979 | Stefán Birkisson | Ö |
| 1980 | Bergur Konráðsson | Vík. |
| 1981 | Snorri Páll Einarsson | G |
| 1982 | Kjartan Briem | KR |
| 1983 | Kjartan Briem | KR |

Einliðaleikur stúlkna yngri en 17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1975 | Bergþóra Valsdóttir | Ö |
| 1976 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1977 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1978 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1979 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1980 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1981 | Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |
| 1982 | Rannveig Harðardóttir | UMSB |
| 1983 | Rannvegi Harðardóttir | UMSB |

Tvíliðaleikur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Ólafur H. Ólafsson-Birkir Þ. Gunnarsson | Ö |
| 1972 | Ragnar Ragnarsson-Jóhann Örn Sigurjónsson | Ö |
| 1973 | Björn Finnbjörnsson-Jón A. Kristinsson | Ö |
| 1974 | Ólafur H. Ólafsson-Birkir Þ. Gunnarsson | Ö |
| 1975 | Hjálmar Aðalsteinsson-Finnur Snorrason | KR |
| 1976 | Ragnar Ragnarsson-Gunnar Þ. Finnbjörnsson | Ö |
| 1977 | Ragnar Ragnarsson-Gunnar Þ. Finnbjörnsson | Ö |
| 1978 | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |
| 1979 | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |
| 1980 | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |
| 1981 | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |
| 1982 | Stefán Konráðsson-Hilmar Konráðsson | Vík. |
| 1983 | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |

I.flokkur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1982 | Rannveig Harðardóttir | UMSB |
| 1983 | Sigrún Bjarnadóttir | UMSB |

Telpur yngri en 13 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1982 | Fjóla Lárusdóttir | UMSB |
| 1983 | Fjóla M.Lárusdóttir | UMSB |

Tvíliðaleikur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Margrét Rader-Sigrún Pétursdóttir | KR |
| 1972 | Sólveig Sv. Sveinbjörnsdóttir-Guðrún Einarsd. | G |
| 1973 | Sólveig Sv. Sveinbjörnsdóttir-Guðrún Einarsd. | G |
| 1974 | Sólveig Sv. Sveinbjörnsdóttir-Guðrún Einarsd. | G |
| 1975 | Sólveig Sv. Sveinbjörnsdóttir-Guðrún Einarsd. | G |
| 1976 | Karólína Guðmundsdóttir-Guðrún Einarsdóttir | Ö-G |
| 1977 | Bergþóra Valsdóttir-Ásta Urbancic | Ö |
| 1978 | Sólveig Sv. Sveinbjörnsd.-Guðrún Einarsdóttir | G |
| 1979 | Ragnhildur Sigurðardóttir-Kristín Njálsdóttir | UMSB |
| 1980 | Ragnhildur Sigurðardóttir-Kristín Njálsdóttir | UMSB |
| 1981 | Ragnhildur Sigurðardóttir-Kristín Njálsdóttir | UMSB |
| 1982 | Ásta Urbancic-Hafdís Ásgeirsdóttir | Ö-KR |
| 1983 | Kristín Njálsdóttir-Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB |

Tvenndarkeppni:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Sigrún Pétursdóttir-Gunnar Gunnarsson | KR |
| 1972 | Elísabet Siemsen-Björn Finnbjörnsson | Ö |
| 1973 | Sigrún Pétursdóttir-Hjálmar Aðalsteinsson | KR |
| 1974 | Sigrún Pétursdóttir-Hjálmar Aðalsteinsson | KR |
| 1975 | Guðrún Einarsdóttir-Björgvin Jóhannesson | G |
| 1976 | Guðrún Einarsdóttir-Stefán Konráðsson | G |
| 1977 | Ásta Urbancic-Tómas Guðjónsson | Ö-KR |
| 1978 | Guðrún Einarsdóttir-Stefán Konráðsson | G |
| 1979 | Ragnhildur Sigurðardóttir-Hjálmtýr Hafsteinss. | UMSB-KR |
| 1980 | Ragnhildur Sigurðardóttir-Hjálmtýr Hafsteinss. | UMSB-KR |
| 1981 | Ásta Urbancic-Tómas Guðjónsson | Ö-KR |
| 1981 | Ásta Urbancic-Tómas Guðjónsson | Ö-KR |
| 1983 | Ásta M.Urbancic-Tómas Guðjónsson | Ö-KR |

Tvíliðaleikur drengja 15-17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | Sigurður Gylfason-Elvar Elíasson | ÍA |
| 1972 | Gunnar Þ. Finnbjörnsson-Jónas Kristjánsson | Ö |
| 1973 | Gunnar Þ. Finnbjörnsson-Jónas Kristjánsson | Ö |
| 1974 | Gunnar Þ. Finnbjörnsson-Jónas Kristjánsson | Ö |
| 1975 | Einar Oddur Ólafsson-Stefán Konráðsson | Ö-G |
| 1976 | Hjálmtýr Hafsteinsson-Tómas Guðjónsson | KR |
| 1977 | Óskar Bragason-Árni Kristjánsson | KR |
| 1978 | Gylfi Pálsson-Ómar Ingvarsson | UMFK |
| 1979 | Bjarni Kristjánsson-Gylfi Pálsson | UMFK |
| 1980 | Jóhannes Hauksson-Jónatan Þórðarson | KR |
| 1981 | Einar Einarsson-Guðmundur I. Guðmundsson | Vík. |
| 1982 | Kristinn Már Emilsson-Björgvin Björgvinsson | KR |
| 1983 | Bergur Konráðsson-Bjarni Bjarnason | Vík. |

Tvíliðaleikur sveina 13-15 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1976 | Hermann Kristjánsson-Ólafur Ólafsson | G |
| 1977 | Gylfi Pálsson-Bjarni Kristjánsson | UMFK |
| 1978 | Finnur F. Guðbjörnsson-Ólafur Birgisson | UMFK |
| 1979 | Jóhannes Hauksson-Jónatan Þórðarson | KR |
| 1980 | Björgvin Björgvinsson-Einar Einarsson | KR-Vík. |
| 1981 | Kristinn Már Emilsson-Birgir Sigurðsson | KR |
| 1982 | Bergur Konráðsson-Friðrik Berndsen | Vík. |
| 1983 | Friðrik Berndsen-Trausti Kristjánsson | Vík. |

Tvenndarkeppni unglinga:

| | | |
|---|---|---|
| 1974 | Pálína Ásgeirsdóttir-Jónas Kristjánsson | Ö |
| 1981 | Erna Sigurðardóttir-Jóhannes Hauksson | KR-Vík. |
| 1982 | Gróa Sigurðardóttir-Kristinn Már Emilsson | KR |
| 1983 | Fjóla M.Lárusdóttir-Bjarni Bjarnason | UMSB-Vík. |

Liðakeppni karla:

| | |
|---|---|
| 1973 | Örninn |
| 1974 | Örninn |
| 1975 | Örninn |
| 1976 | KR |
| 1977 | KR |
| 1978 | KR |
| 1979 | KR |
| 1980 | KR |
| 1981 | KR |
| 1982 | KR |
| 1983 | KR-A |

Liðakeppni kvenna:

| | |
|---|---|
| 1975 | Gerpla |
| 1976 | Örninn |
| 1977 | Örninn |
| 1978 | KR |
| 1979 | UMSB-A |
| 1980 | UMSB-A |
| 1981 | UMSB-A |
| 1982 | UMSB-A |
| 1983 | Örninn-A |

Liðakeppni unglinga:

| | |
|---|---|
| 1976 | KR |
| 1977 | UMFK |
| 1978 | UMFK |
| 1979 | Víkingur |
| 1980 | KR |
| 1981 | KR |
| 1982 | Víkingur-B |
| 1983 | Víkingur-A |

Karlar frh.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íslands-Færeyjar | Skálar | 0?.03.'82 | 5-1 |
| " -Líbanon | HM Tokyo | 28/4-2/5.'83 | 2-5 |
| " -Maraco | " | " | 0-5 |
| " -Luxemburg | " | " | 0-5 |
| " -Filipseyjar | " | " | 0-5 |
| " -Saudi Arabía | " | " | 0-5 |
| " -Nýja Sjáland | " | " | 0-5 |
| " -Zimbabwe | " | " | 5-1 |
| " -Grænland | Reykjavík | 02.11.'83 | 5-0 |
| " -Danmörk | NM Reykjavík | 4.6.-11.'83 | 0-5 |
| " -Finnland | " | " | 0-5 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-5 |
| " -Noregur | " | " | 0-5 |
| " -Grænland | Reykjavík | 06.11.'83 | 5-0 |
| " -Grænland | Reykjavík | 07.11.'83 | 5-1 |

Konur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-Svíþjóð | NM Oslo | 6.7.-11.'71 | 0-3 |
| " -Danmörk | " | " | 0-3 |
| " -Noregur | " | " | 0-3 |
| " -Finnland | " | " | 0-3 |
| " -Finnland | NM Randes | 17.18.-11.'73 | 0-3 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-3 |
| " -Danmörk | " | " | 0-3 |
| " -Noregur | " | " | 0-3 |
| " -Kína | Reykjavík | 07.12.'73 | 0-3 |
| " -Færeyjar | Þórshöfn | 18.11.'74 | 3-0 |
| " -Spánn | HM Birmingham | 26/3-5/4'74 | 0-3 |
| " -Finnland | " | " | 0-3 |
| " -Ecador | " | " | 0-3 |
| " -Guernsey | " | " | 0-3 |
| " -Egyptaland | " | " | 0-3 |
| " -Þýskaland II | SWO Cardiff | 09.02.'79 | 0-3 |
| " -Japan | " | 22.01.'81 | 0-3 |
| " -Kolombia | HM Novi Sad | 14.26.-04'81 | 1-3 |
| " -Samalia | " | " | 0-3 |
| " -Skotland | " | " | 0-3 |
| " -Makao | " | " | 0-3 |
| " -Nigeria | " | " | 0-3 |
| " -Guernsey | Novi Sad | 19.04.'81 | 1-3 |
| " -Finnland | NM Reykjavík | 4.6.-11.'83 | 0-3 |
| " -Danmörk | " | " | 0-3 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-3 |
| " -Noregur | " | " | 0-3 |

Drengir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-Svíþjóð | NM Oslo | 6.7.-11.'71 | 0-3 |
| " -Noregur | " | " | 0-3 |
| " -Finnland | " | " | 0-3 |
| " -Danmörk | " | " | 0-3 |
| " -Færeyjar | Tvöreyri | 07.04.'73 | 5-0 |
| " -Færeyjar | Reykjavík | 21.10.'73 | 25-4 |
| " -Noregur | NM Randes | 17.18.-11.'73 | 1-5 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-5 |
| " -Finnland | " | " | 0-5 |
| " -Danmörk | " | " | 0-5 |
| " -Færeyjar | Þórshöfn | 18.11.'74 | 9-0 |

Drengir frh.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-Færeyjar | Reykjavík | 11.02.'77 | 8-1 |
| " -Færeyjar | Hvalba | 17.02.'78 | 9-0 |
| " -Færeyjar | Mosfellssveit | 02.03.'79 | 9-0 |
| " -Noregur | NM Bergen | 26.29.-10.'79 | 0-5 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-5 |
| " -Finnland | " | " | 0-5 |
| " -Danmörk | " | " | 0-5 |
| " -Danmörk | NM Hörning | 23.25.-10.'81 | 0-5 |
| " -Finnland | " | " | 0-5 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-5 |
| " -Noregur | " | " | 0-5 |
| " -Færeyjar | Skálar | 0?.03.'82 | 4-5 |
| " -Svíþjóð | UEM Malmö | 22.31.-7.'83 | 0-5 |
| " -Danmörk | " | " | 0-5 |
| " -Skotland | " | " | 0-5 |
| " -Sviss | " | " | 0-5 |
| " -Tyrkland | " | " | 0-5 |
| " -Finnland | " | " | 0-5 |
| " -Luxemborg | " | " | 0-5 |

Stúlkur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-England | UEM Malmö | 22.31.-7.'83 | 0-3 |
| " -V-Þýskaland | " | " | 0-3 |
| " -Luxemborg | " | " | 0-3 |
| " -Frakkland | " | " | 0-3 |
| " -Grikkland | " | " | 0-3 |

Sveinar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-Færeyjar | Þórshöfn | 18.11.'74 | 7-4 |
| " -Færeyjar | Reykjavík | 11.02.'77 | 7-2 |
| " -Færeyjar | Hvalba | 17.02.'78 | 3-1 |
| " -Færeyjar | Mosfellssveit | 02.03.'79 | 3-6 |
| " -Danmörk | NM Bergen | 26.29.-10.'79 | 0-3 |
| " -Finnland | " | " | 0-3 |
| " -Svíþjóð | " | " | 0-3 |
| " -Noregur | " | " | 0-3 |

Evrópukeppni landsliða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-Jersey | Cardiff | 5.7.-2.'79 | 3-4 |
| " -Noregur | " | " | 0-7 |
| " -Guernsey | " | " | 2-5 |
| " -Wales | " | " | 0-7 |
| " -Sviss | " | " | 0-7 |
| " -Danmörk | " | " | 0-7 |
| " -Portúgal | " | " | 0-7 |
| " -Malta | " | " | 6-1 |
| " -Rúmenía | Guernsey | 4.5.-02.'80 | 0-7 |
| " -Guernsey | " | " | 1-6 |
| " -Jersey | " | " | 2-5 |
| " -Skotland | " | " | 0-7 |
| " -Portúgal | " | " | 0-7 |
| " -Skotland | Cardiff | 19.21.-01.'81 | 0-7 |
| " -Wales | " | " | 0-7 |
| " -Portúgal | " | " | 0-7 |
| " -Jersey | " | " | 2-5 |
| " -Guernsey | " | " | 1-6 |

Evrópukeppni landsliða frh.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland-Guernsey | Jersey | 6.7.-02.'82 | 1-6 |
| " -Jersey | " | " | 3-4 |
| " -Portúgal | " | " | 0-7 |
| " -Tyrkland | " | " | 0-7 |
| " -Jersey | Guernsey | 15.01.'83 | 4-3 |
| " -Malta | " | " | 3-4 |
| " -Guernsey | " | " | 6-1 |

## Landsleikjafjöldi einstakra leikmanna.

### Karlar:

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Snær Konráðsson | Gerpla/Víkingur | 45 |
| Hjálmtýr Hafsteinsson | KR | 36 |
| Gunnar Þór Finnbjörnsson | Örninn | 36 |
| Hjálmar Aðalsteinsson | KR | 29 |
| Hilmar Konráðsson | Víkingur | 27 |
| Tómas Óskar Guðjónsson | KR | 25 |
| Ragnar Ragnarsson | Örninn | 24 |
| Ólafur Helgi Ólafsson | Örninn | 9 |
| Kristján Jónasson | Víkingur | 9 |
| Bjarni Kristjánsson | UMFK | 8 |
| Tómas Sölvason | KR | 8 |
| Birkir Þór Gunnarsson | Örninn | 6 |
| Einar Einarsson | Víkingur | 6 |
| Björgvin Jóhannesson | Gerpla | 5 |
| Björn Finnborgason | Örninn | 5 |
| Jóhann Örn Sigurjónsson | Örninn | 5 |
| Jón Sigurðsson | UMFK | 3 |
| Jósef Gunnarsson | KR | 3 |
| Jón A.Kristinsson | Örninn | 2 |
| Björgvin Björgvinsson | KR | 1 |
| Finnur Snorrason | KR | 1 |
| Jóhannes Hauksson | KR | 1 |
| Guðmundur Maríusson | KR | 1 |
| Kristinn Már Emilsson | KR | 1 |
| Bergur Konráðsson | Víkingur | 1 |

### Konur:

| | | |
|---|---|---|
| Ásta Urbancic | Örninn | 27 |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | UMSB | 24 |
| Guðrún Einarsdóttir | Gerpla | 11 |
| Bergþóra Valsdóttir | Örninn | 6 |
| Kristín Njálsdóttir | UMSB | 6 |
| Sólveig Sveina Sveinbjörnsd. | Gerpla | 6 |
| Guðbjörg Stefánsdóttir | Fram | 4 |
| Margrét Raader | KR | 3 |
| Arna Sif Kærnested | Víkingur | 1 |

### Drengir:

| | | |
|---|---|---|
| Bergur Konráðsson | Víkingur | 12 |
| Gunnar Þór Finnbjörnsson | Örninn | 7 |
| Trausti Kristjánsson | Víkingur | 7 |
| Sigurbjörn Bragason | KR | 7 |
| Bjarni Kristjánsson | UMFK | 6 |
| Hjörtur Jóhannsson | UMFK | 6 |
| Jón Sigurðsson | UMFK | 6 |
| Tómas Sölvason | KR | 5 |
| Bjarni Bjarnason | Gerpla | 4 |
| Elvar Elísson | ÍA | 4 |
| Hjálmar Aðalsteinsson | KR | 4 |
| Kristinn Már Emilsson | KR | 4 |
| Kristján Jónasson | Víkingur | 4 |
| Jónas Kristjánsson | Örninn | 2 |
| Einar Oddur Ólafsson | Örninn | 1 |
| Friðrik Berndsen | Víkingur | 1 |
| Gylfi Pálsson | UMFK | 1 |

Drengir frh.

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmtýr Hafsteinsson | KR | 1 |
| Kristján Viðar Haraldsson | HSÞ | 1 |
| Sveinbjörn Arnarson | Örninn | 1 |
| Tómas Óskar Guðjónsson | KR | 1 |
| Vignir Kristmundsson | Örninn | 1 |
| Þorfinnur Guðmundsson | Örninn | 1 |
| Örn Fransson | KR | 1 |

Sveinar:

| | | |
|---|---|---|
| Einar Einarsson | Víkingur | 5 |
| Björgvin Björgvinsson | KR | 4 |
| Bjarni Kristjánsson | UMFK | 1 |
| Guðmundur Jóhannsson | Gerpla | 1 |
| Gylfi Pálsson | UMFK | 1 |
| Hjálmtýr Hafsteinsson | KR | 1 |
| Jóhannes Hauksson | KR | 1 |
| Kristján Jónasson | Víkingur | 1 |
| Stefán Birkisson | Örninn | 1 |
| Tómas Óskar Guðjónsson | KR | 1 |
| Þorvaldur B.Jónsson | Örninn | 1 |

Stúlkur:

| | |
|---|---|
| Arna Sif Kærnested | Víkingur |
| María Hrafnsdóttir | Víkingur |
| Rannveig Harðardóttir | UMSB |

EFNAHAGSREIKNINGUR . Hinn 30/9. 1983.

EIGNIR.

| | |
|---|---|
| Pen í sjóði. | 2.558.o2 |
| Sparisjóðsbók. L.Í. | 66.11 |
| Ávísanareikningur. L.Í. (18066.) | 972.57 |
| Útistand. ógr. styrkur ÍSÍ. | 26.571.54 |
| Húsgögn. | 257.29 |
| Ritvél. | 165.oo |
| Landsliðsbúningar. | 1.245.49 |
| Stans v. merki BTÍ. | 347.34 |
| Bílmerki og Lukkuspjöld. | 820.4o |
| Útistandandi skuld. v. EM ungl. | 5.000.oo |
| | 38.003.76 |

SKULDIR:

| | | |
|---|---|---|
| Skuld við ÍBR frá 31/7. | | 1.772.71 |
| Lán v. Færeyjaferð ´82. | | 11.680.oo |
| Ógr. skuld v. NM. ´81. | | 8.500.oo |
| Landsbankinn (víxill.) | | 20.000.oo |
| Lán v. HM 83. | | 81.015.oo |
| | | 122.967.71 |
| Höfuðstóll frá f. ári. | 5.462.65 | |
| Tap fl. á höfuðstól. | ÷ 90.426.6o | ÷ 84.963,95 |
| | | 38.003.76 |

Gunnar Jónasson , (sign.)
Gjaldkeri.

Ofanritaðan Efnahagsreikning hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert. Einnig hef ég kannað að staða á ávísanareikning og eign í banka er rétt.

Reykjavík 18. - 12. 1983.

Sigurður Hall. ( sign.)

REKSTURSREIKNINGUR FRÁ 1. okt. 1982 - 30/9. 1983.

Tekjur.

| | |
|---|---|
| Styrkur frá ÍSÍ. | 101.408.oo |
| Ríkisútvarpið samn. | 14.000.oo |
| Tekjur af mótum innanl. | 38.828.oo |
| Ýmis fjáröflun v. landsl. | 54.800.oo |
| Kennslustyrkur íþróttan. | 492.9o |
| Styrkur frá Evrópusambandi. | 42.160.7o |
| | 251.689.6o |
| Tap flutt á höfuðstól. | 9o.426.6o |
| | 342.116.2o |

Gjöld.

| | |
|---|---|
| Húsaleiga í íþróttamiðstöð. | 5.106.oo |
| Rafmagn hiti ræsting. | 2.019.oo |
| Prentun Pappír ritföng. | 4.573.5o |
| Sími og burðargjöld. | 9.670.2o |
| Námsefni. | 200.oo |
| Þingkostnaður. | 778.1o |
| Kostnaður v móta innanlands. | 23.104.oo |
| Kostnaður v. landsliðs. | 13.407.oo |
| Kostnaður v. HM'83. | 160.359.4o |
| Kostnaður v. Evrópudeild '83. | 28.640.oo |
| Kostnaður v. Unglingamót. | 94.259.oo |
| | 342.116.2o |

Gunnar Jónasson. ( sign. )
Gjaldkeri.

Ofanritaðan rekstursreikning hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík. 18. - 12. 1983.
Sigurður Hall. ( sign.)

## FJÁRHAGSÁÆTLUN. 1984.

### TEKJUR.

| | |
|---|---:|
| Pen í sjóði. | 2.558.o2 |
| Sparisjóðsbók L. Í. | 66.11 |
| Ávísanareikningur L.Í. (18066.) | 972.57 |
| Útistandandi ógr. styrkur ÍSÍ. | 26.571.54 |
| Ætl. styrkur ÍSÍ 1984. | 150.000.oo |
| Áætlaðar tekjur frá RUV. | 24.000.oo |
| Norræni Menningarmálasjóðurinn. | 81.511.oo |
| Tekjur af mótum. | 50.000.oo |
| Styrkur frá Evrópusambandinu. | 40.000.oo |
| Áætlaðir ferðastyrkir ÍBR. | 50.000.oo |
| Ýmsar tekjur v. landsliðs. | 120.000.oo |
| | 545.679.24 |

### GJÖLD.

| | |
|---|---:|
| Skuld við ÍBR. | 1.772.71 |
| Lán v. Færeyjar 1982. | 11.680.oo |
| Ógr. skuld v. NM´81. | 8.500.oo |
| Landsbankinn víxill. | 20.000.oo |
| Lán v. HM ´1983. | 81.015.oo |
| Verðlaunapen. og kostn. v. Íslandsm. | 28.000.oo |
| Skrifstofukostnaður. | 29.000.oo |
| Þingkostnaður. | 3.000.oo |
| Kostnaður v. landsliðs. | 85.000.oo |
| Útbreiðsla. | 20.000.oo |
| Kostnaður v. Evrópudeildin. | 80.000.oo |
| NM. ´83. Ýmiss kostnaður. | 120.000.oo |
| Kostn. v. Moskva ´84. | 40.000.oo |
| | 527.967.71 |
| Sjóðseign í lok árs. | 17,711.53 |
| | 545.679.24 |

Gunnar Jónasson. gjaldkeri.